

VELFERÐARRÁÐ

Ár 2019, miðvikudagur 22. maí var haldinn 354. fundur velferðarráðs og hófst hann kl. 13:05 í Borgartúni 12-14, Reykjavík. Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Elín Oddný Sigurðardóttir, Sabine Leskopfs, Sigríður Arndís Jóhannsdóttir, Alexandra Briem, Egill Þór Jónsson, Daníel Örn Arnarsson og Ásgerður Jóna Flosadóttir. Af hálfu starfsmanna sátu fundinn: Regína Ásvaldsdóttir, Dís Sigurgeirsdóttir, og Elínrós Hjartardóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á starfinu á velferðarsviði milli funda velferðarráðs.
2. Fram fer kynning á heilbrigðiskröfum vegna matarláta í mötuneyti á Vitatorgi.
Berglind Magnúsdóttir, skrifstofustjóri, Anna Jóhannesdóttir, heilbrigðisfulltrúi, Eyjólfur Einar Elíasson, forstöðumaður, og Þórhildur Guðrún Egilsdóttir, deildarstjóri, taka sæti á fundinum undir þessum lið.
3. Lagðar fram lykiltölur velferðarsviðs, dags. 14. maí 2019, fyrir tímabilið janúar til mars 2019.
4. Lagt fram svar við fyrirspurn Flokks fólksins, sbr. 15. lið fundargerðar velferðarráðs þann 24. apríl 2019, vegna Gistiskýlisins.
5. Lagt fram svar við fyrirspurn Flokks fólksins, sbr. 16. lið fundargerðar velferðarráðs þann 24. apríl 2019, er varðar svör formanns í tengslum við mál Gistiskýlisins í fjölmiðlum.
6. Lagt fram rekstraruppgjör velferðarsviðs, dags. 22. maí 2019, fyrir tímabilið janúar til mars 2019. Trúnaðarmál.
- Kl. 14:03 víkur Sabine Leskopf af fundi og Sigríður Arndís Jóhannsdóttir tekur sæti.
Elsa Guðrún Jóhannesdóttir, deildarstjóri, tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
7. Fram fer kynning á aðgerðaáætlun og stöðumati velferðarsviðs í vinnu- og virknimiðaðri stoðþjónustu, ásamt minnisblaði sviðsstjóra dags. 22. maí 2019.
Þórdís Linda Guðmundsdóttir, deildarstjóri, og Sigurbjörn Rúnar Björnsson, forstöðumaður, taka sæti á fundinum undir þessum lið.
8. Fram fer kynning á niðurstöðu úttektar vegna skýrslu um tilraunaverkefni um búsetu háskólanema í þjónustuþúð fyrir aldraðra, dags. 1. maí 2019, ásamt minnisblaði sviðsstjóra dags. 22. maí 2019.

Velferðarráð leggur fram svohljóðandi tillögu:

Velferðarráð felur velferðarsviði að koma með tillögu um útfærslu að áframhaldi verkefnisins.

Samþykkt.

Elín Sigríður Gunnsteinsdóttir, verkefnastjóri, tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Fundi slitið kl. 15:10

Heiða Björg Hilmisdóttir formaður (sign)

Alexandra Briem (sign)
Sigríður Arndís Jóhannsdóttir (sign)
Ásgerður Jóna Flosadóttir (sign)

Elín Oddný Sigurðardóttir (sign)
Daníel Örn Arnarsson (sign)
Egill Þór Jónsson (sign)